

Félagsráðgjafar á blóð- og krabbameinslækningadeildum starfa á göngudeildum og legudeildum Landspítalans:

- 11B dagdeild blóð- og krabbameinslækninga
- 10K geisladeild
- 21A kvenlækningadeild
- 11E krabbameinslækningadeild
- 11G blóðlækningadeild
- Líknardeild Kópavogi

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá vinsamlegast samband við félagsráðgjafa blóð- og krabbameinslækningadeilda Landspítalans í síma 543-1000.

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI
OKTÓBER 2011

HÖFUNDAR:
FÉLAGSRÁÐGJAFAR BLÓÐ- OG
KRABBAMEINSLÆKNINGAEILDA
LANDSPÍTALANS B.Ó/G.S/S.E

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC

Félagsráðgjöf

Blóð- og krabbameinslækninga-
deildir Landspítalans



Blóð- og krabbameinslækningadeildir

Sérhæfðir félagsráðgjafar starfa við blóð- og krabbameinslækningadeildir Landspítalans.

Hlutverk félagsráðgjafa er að aðstoða sjúklinga og fjölskyldur þeirra að takast á við breytingar sem eiga sér stað vegna veikinda. Breytingarnar geta tengst fjárhag, búsetu og atvinnu en einnig tengslum og samskiptum innan fjölskyldunnar og utan hennar.

Markmiðið er að veita eins góða þjónustu og hægt er hverju sinni. Það stuðlar að því að bæta félagslegar aðstæður og líðan sjúklinga, aðstandenda þeirra og barna.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 segir ...að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði..



Hvað gera félagsráðgjafar?

Veita sjúklingum og aðstandendum þeirra ráðgjöf, upplýsingar, fræðslu og stuðning, byggt á félagslegu mati og greiningu.

Dæmi:

- **Upplýsingar, ráðgjöf og fræðsla** til sjúklinga og aðstandenda um félagsleg réttindi og þá þjónustu sem þeim stendur til boða
- **Tengiliðir** milli sjúklinga og hjálparerfa þegar þörf er á
- **Stuðningsviðtöl** - Ráðgjöf og aðstoð þegar vinna þarf úr sorg og áföllum
- **Símaviðtöl** - Eftirfylgd og ráðgjöf
- **Hjóna-, para-, og einstaklingsviðtöl** - Stuðningur, fræðsla og ráðgjöf vegna breyttra aðstæðna fjölskyldunnar
- **Fjölskyldubró** - Stuðningur við foreldra og börn með áherslu á líðan barna
- **Endurhæfingaráætlanir** - Gera áætlanir og fylgja þeim eftir
- **Eftirfylgd eftir andlát** - Ráðgjöf og stuðningur

Dæmi um félagsleg réttindi:

- » Veikindaréttur hjá vinnuveitanda
 - » Sjúkrasjóðir stéttarfélaga
 - » Sjúkradagpeningar S.Í.
 - » Lífeyrissjóðir
 - » Endurhæfingarlífeyrir/örorkulífeyrir
 - » Ferðakostnaður
 - » Afsláttarkort
 - » Lyfjakort
 - » Félagsleg heimaþjónusta
 - » Réttindi vegna andláts.
- Sjá nánar á: www.landspitali.is/Pages/13622

Félagsráðgjafar vinna í teyllum og í samvinnu við aðra fagaðila svo sem hjúkrunarfræðinga, iðjuþjálfara, lækna, sálfræðinga og sjúkrapjálfara.

